

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar, afþreyingar- og ferðamannasvæði við Hengladalaá.

Skipulagsstofnun staðfesti 23. mars 2022 breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 sem samþykkt var í bæjarstjórn 10. mars 2022.

Í breytingunni felst skilgreining á tæplega eins ha afþreyingar- og ferðamannasvæði AF2 við Svartagljúfursfoss í Hengladalaá þar sem áformað er að koma fyrir útsýnispalli fyrir svifbraut (zip-line) með endastöð við Árhólma, þar sem svæði fyrir verslun og þjónustu VP1 er stækkað. Vegslóði frá Dalvegi að Hengladalaá verður endurbættur og göngustígur verður lagður meðfram Hengladalaá.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 23. mars 2022.

F.h. forstjóra,

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 7. apríl 2022